

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. maí 2023
E-2023-144/00.11

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.), 943. mál**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðnar frá atvinnuveganefnd Alþingis, dagsett 4. maí 2023, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.), 943. mál. Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Á síðustu árum hefur nýting virkjana farið jafnt og þétt vaxandi og eftirspurn hefur vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm til að bregðast við áföllum í vinnslu- og flutningskerfi raforku eða óvæntri minnkun á framboði til almennra notenda, t.d. ef vexti í orkusækinni starfsemi fylgir ekki aukin orkuöflun. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að þetta ástand sé ekki tímabundið og að mikilvægt sé að brugðist sé við með lagabreytingum sem tryggi markvissari umgjörð um raforkuöryggi. Landsvirkjun fagnar því að þessi mál séu nú í brennidepli stjórnvalda og einnig að tekið hafi verið tillit til ýmissa þeirra athugasemda sem fyrirtækið kom á framfæri þegar drög að þessu frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

Athugasemdir Landsvirkjunar við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar eru eftirfarandi:

1. gr. frumvarpsins

Landsvirkjun vill vekja athygli á því að 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu er umræða um langtímaorkuöryggi og þar nefnt að „æskilegt [sé] að geta litið til spálíkana til lengri tíma, svo sem orkuskiptalíkans Orkustofnunar“. Landsvirkjun er sammála því að bráðnauðsynlegt sé að líta til spálíkana um þróun eftirspurnar til lengri tíma svo hægt sé að meta hvort að framboð orkukosta sé nægjanlegt samanborið við líklega þróun eftirspurnar og lögbundin markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Landsvirkjun telur þó umrætt orkuskiptalíkan Orkustofnunar alls ekki geta legið til grundvallar slíku mati en líkanið hefur þótt afar umdeilt. Landsvirkjun telur líkanið ekki uppfylla nauðsynlegar gæðakröfur og telur það ekki geta legið til grundvallar frekari útreikningum og ákvarðanatöku í málaflökknum. Landsvirkjun leggur til að grunnkröfur sem gerðar eru til orkuspáa verði skilgreindar í reglugerð og að bætt verði inn setningu í 1 gr. frumvarpsins sem tekur til 4. mgr. 1. gr. a. laganna, svohljóðandi:

„Nánari reglur um framkvæmd mats á raforkuöryggi skulu settar í reglugerð. Í reglugerð skal m.a. nánar kveðið á um framkvæmd matsins, birtingu og hlutverk Orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins auk skila á gögnum, tegundar þeirra, gæða og skilafrests. **Reglugerðin skal einnig skilgreina grunnkröfur sem gerðar eru til orku- og aflspáa sem liggja áður nefndu mati til grundvallar.** Þá skal í reglugerð fjallað um útfærslu viðmiða samkvæmt 1. mgr. og skilgreiningu öryggismarka.“

Að þessu sögðu fagnar Landsvirkjun því að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að flutningsfyrirtækið annist mat á orkuöryggi að hluta eða í heild. Eðli málsins samkvæmt, og að öðrum ólöstuðum, hefur flutningsfyrirtækið yfir að ráða yfirgrípsmeiri og nákvæmari gögnum en flestir aðrir um heildstæða virkni kerfisins og innsýn og reynslu þegar kemur að því að vinna með þessi gögn.

2. og 3. gr. frumvarpsins

Landsvirkjun vill benda á að í drögum að frumvarpi þessu, sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda, var sérstaklega tekið fram að þau fyrirtæki sem hafa samið um skerðanlega notkun ættu ekki að njóta forgangs ef grípa þarf til skömmtunar raforku. Slíkt er ekki að finna í því frumvarpi sem nú liggur hjá atvinnuveganefnd og er til þinglegrar meðferðar. Landsvirkjun telur mikilvægt að það sé skýrt í lögum að það fyrirkomulag sem verið er að hanna taki á tryggu aðgengi að forgangsorku en hamli því ekki að aðilar geti í frjálsum samningum sín á milli samið um skerðanlega orku gegn lægra raforkuverði. Tilvist samninga um skerðanlegt raforkuframboð dregur úr fjárfestingarþörf í raforkukerfinu, leiðir af sér betri nýtingu auðlindarinnar og eykur hagkvæmni bæði í vinnslu og notkun raforku. Með ofangreint í huga leggur Landsvirkjun til að bætt verði inn setningu í 2. og 3 gr. frumvarpsins og að þær greinar lesist í kjölfarið svo:

„2. gr.

9. mgr. 9 gr. laganna orðast svo:

*Ef óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn og önnur úrræði duga ekki til ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við skömmtun skulu njóta forgangs notendur sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki yfir 10 millj. evra **og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun**. Gæta skal jafnræðis við skömmtun og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.“*

og

„3. gr.

5. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

*Ef óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði og önnur úrræði duga ekki til ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við skömmtun skulu njóta forgangs notendur sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki yfir 10 millj. evra **og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun**. Gæta skal jafnræðis við skömmtun og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.“*

Að endingu vill Landsvirkjun enn nefna að orkuöryggi er fyrirtækinu hugleikið og hefur það undanfarin ár tekið virkan þátt í vinnu stjórnvalda við að hanna umgjörð um raforkuöryggi á Íslandi. Fyrirtækið tók virkan þátt í vinnu starfshóps sem skilaði af sér skýrslu um orkuöryggi á heilðsölumarkaði fyrir raforku í ágúst 2020 og aftur í vinnu starfshóps um orkuöryggi sem skilaði af sér tillögum til ráðherra um ýmsar úrbætur á regluverki í júní 2022.

Landsvirkjun er hér eftir sem hingað til tilbúin að aðstoða stjórnvöld við frekari vinnu við útfærslu umgjörðar um raforkuöryggi á Íslandi. Í þeirri vinnu hvetur fyrirtækið stjórnvöld áfram til að horft sé sérstaklega til eftirfarandi atriða:

- Að horft sé til erlendra fyrirmýnda og að inngrip stjórnvalda gangi ekki lengra en þörf krefur.
- Að fyrirkomulag raski ekki samkeppni og að hugað sé að almennum jafnræðisreglum.
- Að vel sé farið með auðlindir og að fyrirkomulag tryggi að orkuauðlindum sé ekki sóað.
- Að kostnaði sem óhjákvæmilega fylgir því að tryggja orkuöryggi sé stillt í hóf og hann lágmarkaður.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni